



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

STÆR1DL03

Kennari	Helena Rut Borgarsdóttir, helena.borgarsdottir@fss.is	       
	Íris Lind Björnsdóttir, iris.lind.bjornsdottir@fss.is	
	Jóhann Jóhannsson, johann.johannsson@fss.is	
	Kristín María Birgisdóttir, kristin.birgisdottir@fss.is	
	Magnús Einþór Áskelsson, magnus.askelsson@fss.is	
	Ólöf Ósk Óladóttir, olof.oladottir@fss.is	
	Thelma Dögg Árnadóttir, Thelma.dogg@fss.is	
Valgerður Guðbjörnsdóttir, valgerdur.gudbjornsdottir@fss.is		
Viðtalstími	Mánudagar kl. 14:00-14:40 í stofu 221.	 
Námsefni	Stærðfræðibók var tekin saman af Írisi Lind Björnsdóttur og Jóhanni Jóhannssyni og fæst á bókasafni skólans.	
Áfangalýsing	Unnið verður með tölur og gildi þeirra með fjölbreyttri nálgun. Meðal annars með mismunandi verkefnavinnu sem tengjast daglegu lífi og athugunum í gegnum veraldarvefinn. Stefnt er að því að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemandinn hefur þegar tileinkað sér.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi. Námsmatið er einstaklingsmiðað, m.a. leiðsagnarmat, verkefnaskil, virkni og sjálfsmat. Regluleg endurgjöf er frá kennara á vinnuframlag nemenda og verkefnaskil.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni x4	40 %
	Sjálfsmat x3	15 %
	Virkni og önnur verkefni	5 %
Vinnubók x2	40 %	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	

Grunnpættir menntunar	Í stærðfræðikennslu fléttast grunnþættirnir saman á margvíslegan hátt: - Læsi er hornsteinn námsins. Nemendur þjálfast í að lesa úr gröfum og tölulegum gögnum, túlka niðurstöður og miðla lausnum á skýran og skipulegan hátt, en þetta tölulæsi er grunnfærni sem allir þurfa í nútímasamfélagi. - Sköpun á sér stað þegar nemendur glíma við opin verkefni, þurfa að velja á milli aðferða og leita að eigin lausnarferlum. Þar er gert ráð fyrir að mistök séu hluti af námsferlinu og nemendur hvattir til þess að nota gagnrýna hugsun. - Sjálfbærni kemur fram þegar stærðfræðilegri hugsun er beitt á raunveruleg viðfangsefni sem gefur nemendum tækifæri til að skilja hvernig stærðfræðin tengist ábyrgð þeirra gagnvart samfélagi og umhverfi. - Jafnrétti endurspeglast í kennsluháttum sem tryggja að allir nemendur, óháð bakgrunni eða reynslu, fái tækifæri til að njóta styrkleika sinna og uppgötva eigin samband við námsgreinina.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Hvar og hvenær stærðfræði kemur við sögu í daglegu lífi - Gildi peninga - Fjölbreytileika verslana - Verðgildi hinna ýmsu hluta	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Nýta sér stærðfræðikunnáttu sína í daglegu lífi - Kanna hvað hlutir kosta í verslunum og á neti - Fylgja dagsskipulagi - Fylgja tímaáætlun
	
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Taka þátt í stærðfræðilegum athöfnum daglegs lífs - Átta sig á tíma- og dagsetningum - Nýta stærðfræðikunnáttu sína þegar hann verslar - Nýta sér viðeigandi stuðningstæki þegar það á við, s.s. reiknivél í sínum	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 3 klst.	48 klst.
Heimavinna	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. tímaverkefni	4 x 1 klst.	4 klst.
Alls		68 klst. = 3 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Efni frá kennara	
2. vika 24.-28. ágúst	Upprifjun	
3. vika 31. ágúst-4. september	Tugabrot	
4. vika 7.-11. september	Búð	Tímaverkefni 1
5. vika 14.-18. september	Bíll	<i>Samskiptadagur 14. september</i>
6. vika 21.-25. september	Endurvinnsla	
7. vika 28. september-2. október	Tímapantanir	Sjálfsmat 1
8. vika 5.-9. október	Eldavél	Tímaverkefni 2 Skil á vinnubók
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Þvottavél	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Síminn <i>Vetrarleyfi 23</i>	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Áskriftir <i>Vetrarleyfi 26</i>	Sjálfsmat 2
12. vika 2.-6. nóvember	Afþreying	Tímaverkefni 3
13. vika 9.-13. nóvember	Íþróttir	
14. vika 16.-20. nóvember	Ferðalög	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Tölvuleikir og tölvur	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Uppsóp/lokaverkefni	Skil á vinnubók Tímaverkefni 4 Sjálfsmat 3

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Helena, Íris, Jóhann, Kristín, Magnús, Ólöf Ósk, Thelma Dögg og Valgerður